

Afli og veiðarfæri um borð í b/v Baltic III, O 118, þar með taldir dragstrengir, skulu ger upptæk og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Carbon Honoré, greiði kr. 10.000.00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands og komi 2 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í b/v Baltic III, O 118, skulu gerð upptæk og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Laugardaginn 19. desember 1953.

Nr. 186/1952. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Theódór B. Líndal)

gegn

**Keflavík h/f** (Ragnar Ólafsson).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarmar Hæstaréttar.**

Ágreiningur um vexti af eignarnámsfé.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. desember 1952. Krefst hann aðallega algerrar sýknu af kröfum stefnda í málinu, en til vara, að honum verði aðeins dæmt að greiða kr. 1900.00. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Hinn 27. apríl 1944 krafðist atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, að eignarnámi yrðu teknir til handa ríkissjóði 218 ha af landi stefnda. Tveir dómkvaddir menn mátu því næst

landspildu þessa til eignarnáms, en matsgerð þeirra, dags. 20. febrúar 1946, áfrýjuðu aðiljar til yfirvirðingar. Hinn 9. september 1946 breytti ráðuneytið fyrri ákvörðun sinni þannig, að eignarnámið skyldi aðeins taka til 25.9 ha af landi stefnda. Með yfirvirðingu, er lokið var hinn 12. janúar 1948, voru virtar til fjár landspildur bæði samkvæmt hinni fyrri og síðari eignarnámskröfu ráðuneytisins. Eftir uppkvaðningu yfirmatsgerðar ákvað ráðuneytið af nýju að taka allt það land, sem eignarnáms var krafizt á hinn 27. apríl 1944. Fór stefndi þess þá á leit, að eignarnámið yrði aðeins látið taka til hluta af landinu, og í bréfi til áfrýjanda, dags. 2. ágúst 1950, vildi hann binda stærð hins eignarnumda lands við 142.7 ha. Féllst ráðuneytið á þetta, og hinn 4. nóvember 1950 var verð þessara 142.7 ha ákveðið af tveimur matsmönnum, er aðiljar höfðu nefnt til þess, en þeir lögðu til grundvallar matsverð landsins í heild samkvæmt yfirvirðingunni frá 13. janúar 1948.

Stefndi hafði samkvæmt yfirmatsgerðinni frá 12. janúar 1948 rétt til vaxta af matsfjárhæðinni frá 15. febrúar 1948. Telja verður, að dráttur á greiðslu matsfjárhæðar hafi stafað af óvissu um stærð hins eignarnumda lands og samningsumleitunum aðilja í því sambandi. Verður ekki séð, að stefndi hafi með viðtökudrætti né samningi eftir uppkvaðningu yfirmatsgerðarinnar fyrirgert rétti til vaxtanna. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessari niðurstöðu er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Keflavík h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. október 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 22. f. m., hefur Keflavík h.f. í Keflavík höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefni 16. jan. f. á., gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu vaxta af eignarnámsfé að fjárhæð kr. 15.675.00 með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Hinn 27. apríl 1944 ritaði atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu og beiddist þess, að dómkvaddir yrðu tveir menn til að virða tilgreindar lendur á Reykjanesi, sem taka skyldi eignarnámi samkvæmt lögum nr. 20/1941, svo og til að kveða á um fébætur til handa eigendum og umráðamönnum landsvæða þessara vegna skerðingar á hagnýtingu landanna frá þeim tíma, er bandaríska setuliðið tók þau til afnota. Stefnandi var einn þeirra aðilja, sem skyldi þola eignarnámið og taka fébætur. Voru þau lönd hans, sem lögnámið átti að ná til, 218 ha. að flatarmáli.

Hinn 20. febrúar 1946 kváðu virðingarmennirnir upp matsgerð sína, en hvorki atvinnumálaráðherra né lögnámsþolar vildu una henni og kröfðust yfirvirðingar. Hinn 19. marz 1946 dómkvaddi sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu þrjá af dómurum Hæstaréttar til að leysa yfirvirðinguna af hendi.

Eftir uppkvaðningu undirvirðingar sá atvinnumálaráðherra sig um hönd og krafðist hinn 9. september 1946 lögnáms á miklu minna landi en fyrr. Þannig átti eignarnám á landi stefnanda nú að ná til einungis 25,9 ha. Af hendi eigenda landsvæðanna var því mótmælt, að ráðherra gæti gengið frá fyrri kröfum sínum um lögnámið og þar sem yfirvirðingarmennirnir voru ekki ákvæðisbærir um þann ágreining, mátu þeir bæði hið stærra og hið minna landsvæði, auk þess sem þeir kváðu á um fébætur fyrir afnotamissi landanna, eftir að setuliðið tók þau í notkun.

Yfirvirðingarmenn kváðu matsgerð sína upp hinn 12. janúar 1948. Samkvæmt mati þeirra var andvirði þess lands stefnanda, er ráðherra hafði krafizt 27. apríl 1946, kr. 185.000.00, andvirði lands stefnanda samkvæmt kröfu ráðherra 9. sept. 1948 kr. 2.600.00 og fébætur til stefnanda voru ákveðnar kr. 45.000.00. Einnig var kveðið svo á í virðingargerðinni, að lögnámsþolum skyldi greiddir vextir bæði af lögnámsfénu og fébótunum, 6% ársvextir frá 15. febrúar 1948.

Horfið mun hafa verið að því, að eignarnámið yrði látið ná til þeirra landa, er atvinnumálaráðuneytið hafði í upphafi krafizt lögnáms á. Í byrjun júlímánaðar hafði fjármálaráðuneytið látið ganga frá afsölum fyrir hinum eignarnumdu landsvæðum. Var lögfræðingi stefnanda tilkynnt munnlega, að hann gæti vitjað afsals fyrir land stefnanda í ráðuneytið, til þess að láta stefnanda undirrita það. Er til kom, vildi stefnandi

ekki undirrita afsalið, þar sem hún taldi að sér þrengt um of, ef svo mikið land yrði af henni tekið. Leitaði stefnandi til yfirvalda flugmála um, að hluti af landsvæði hennar yrði leystur úr eignarnáminu. Voru þau mál allengi á döfnni, en eftir að stefnandi taldi sig hafa fengið samþykki flugyfirdanna fyrir málaleitan sinni, óskaði hún bréflaga eftir því við ríkisstjórnina hinn 2. ágúst 1950, að 75,3 ha. af því landi stefnanda, sem lægju næst Keflavíkurkaupstað, yrðu undanskildir eignarnáminu. Lét stefnandi fylgja bréfi þessu uppdrátt, sem á var markað landsvæði þetta. Féllst ríkisstjórnin á, að eignarnámið yrði ekki látið ná til framan- greindra 75,3 ha., og nefndu málsaðiljar til tvo menn, til þess að kveða á um verðmæti landspildu þessarar, með hliðsjón af mati yfirvirðingarmannanna. Mátu þeir það svo, að verðmæti lands þess, sem fellt yrði undan lögnáminu, næmi kr. 90.000.00, en verðmæti hins eignarnumda lands kr. 95.000.00. Afsalaði stefnandi síðan hinu eignarnumda landi og greiddi stefndi honum andvirði þess svo og fébæturnar hinn 30. nóv. 1948. Vexti greiddi stefndi af fébótunum samkvæmt matsorði yfirvirðingarmannanna til 15. nóvember 1948, en synjaði kröfu stefnanda um vexti af eignarnámsfénu. Hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu vaxta af hinu greidda lögnámsfé frá þeim tíma, sem til er tekinn í mati yfirvirðingarmanna, til 15. nóv. 1948.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að ákvæði yfirvirðingarinnar frá 12. desember 1948 um vaxtagreiðslur séu ekki bindandi fyrir sig gagnvart stefnanda, þar sem fram hafi farið ný virðing á því landi stefnanda, sem tekið var eignarnámi, og hafi sú virðing verið lögð til grundvallar lögnámsbótum til hennar. Þá hafi stefnanda jafnan staðið til boða að fá greiðslu samkvæmt yfirvirðingunni og hafi hún getað firrt sig öllu vaxtapi, með því að veita þeirri greiðslu móttöku. Hafi verið gerðar ítrekaðar tilraunir til að fá stefnanda til að veita eignarnámsfénu móttöku, en hún ekki sinnt þeim tilmælum. Loks hafi stefnandi dregið að þarflausu að fá hluta af landi sínu felldan undan eignarnáminu, þar sem hún hafi ekki beiðzt þessa formlega fyrr en í ágústmánuði 1950. Hafi það eingöngu verið vegna óska hennar, að þá hafi verið látið fara fram nýtt mat, þar sem hún hafi talið sér í hag, að lögnámið næði eigi til alls þess lands, sem fyrirhugað var.

Eftir að stefnandi hafði í júlímánuði 1948 látið gera afsöl fyrir lendum þeim, sem lögnema átti, hófust greiðslur bóta til landeigendanna. Er ágreiningslaust, að stefnandi hefði þá getað fengið eignarnámsfé sitt greitt, ef hún hefði kosið. Fjármálaráðuneytinu var kunnugt um, að stefnandi vildi ekki undirrita afsal fyrir landi sínu, vegna þess að hún óskaði að fá hluta af því felldan undan eignarnáminu. Sá starfsmaður ráðuneytisins, er um mál þessi fjallaði, ámalgaði það að vísu munnlega við stefnanda, að hún vitjaði eignarnámsfjárins, en er því var ekki sinnt, var af ráðuneytisins hálfu ekki hafzt frekar að til að inna greiðsluna af hendi. Verður ekki litið svo á, að það hafi firrt stefnanda rétti til vaxta

af eignarnámsfénu samkvæmt ákvæðum yfirmatsgerðarinnar, þótt hún vitjaði ekki fjárins eða undirritaði afsalið.

Menn þeir, sem málsaðiljar tilnefndu sumarið 1950, áttu aðeins að kveða á um, hvernig matsupphæðin samkvæmt yfirvirðingunni ætti réttilega að skiptast á landsvæði þau, sem eignarnámið náði að lokum til, og hinna, sem undan því voru felld, og voru þeir því algerlega bundnir af yfirmatinu. Skiptingin hafði þá þýðingu eina, að fjárhæð eignarnámsbóta stefnanda lækkaði sem svaraði til verðmætis þess lands, sem undan eignarnáminu var fellt, en skylda eignarnema til greiðslu vaxta af lögnamsfénu hélzt óbreytt. Getur stefnandi því ekki reist synjun sína um vaxtagreiðslu til stefnanda á því, að fram hafi farið ný virðing, sem fellt hafi yfirvirðinguna frá 12. janúar 1948 úr gildi.

Þegar framanritað er virt og þess jafnframt gætt, að stefnandi átti ekki rétt á að hagnýta land það, sem eignarnámið náði ekki til, þykir sýknukrfa stefnda ekki hafa við rök að styðjast.

Verða úrslit málsins því þau, að kröfur stefnanda verða teknar að öllu leyti til greina og þykir málskostnaður eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Keflavík h.f., kr. 15.675.00 með 6% ársvöxtum frá 16. janúar 1951 til greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbertingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 19. desember 1953.

Nr. 54/1953. **Olíuverzlun Íslands h/f**  
 gegn  
**Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps**  
**f. h. hreppsins.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Mál hafið. Ómaksbætur.

#### Dómur Hæstaréttar.

Er mál þetta kom fyrir dóm hinn 18. þ. m., var þess af hálfu áfrýjanda krafizt, að málið yrði hafið.